FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

# Kynningarfundur II – innleiðing á Solvency II

# Efnisyfirlit

- Hlutverk innri endurskoðanda í Solvency II
- Framsetning upplýsinga sem taka breytingum í Solvency II
- Gæði gagna í Solvency II skilum
- Gjaldþolsliðir – (Own funds), Einkenni og flokkun

# Hlutverk innri endurskoðanda í Solvency II

Gunnar Ingólfsson

# Innri endurskoðun vátryggingafélaga - ágrip

- Krafa um innri endurskoðun fyrst með lögum 56/2010
  - Ekki útlistað hvaða verkefnum IE átti að sinna
- LT nr. 7/2014 um innri endurskoðun vátryggingafélaga
  - Fjallað um verkefni innri endurskoðunar
  - Byggð á undirbúningstilmælum EIOPA um stjórnkerfi
- Solvency II
  - Hlutverk og verksvið skilgreint í tilskipun, reglugerð og viðmiðunarreglum
    - Greinar 47 í tilskipun 2009/138/EC og 271 í reglugerð 2015/35/EC
    - Viðmiðunarreglur 40-45 í viðmiðunarreglum um stjórnkerfi (e. Guidelines on system of governance)

# Hlutverk innri endurskoðanda skv. SII

- Hlutverk innri endurskoðanda
  - Eitt af fjórum lykilstarfssviðum og grunnstoðum stjórnkerfis vátryggingafélaga
  - Sjálfstæði innri endurskoðunar sé tryggt og skipurit endurspegli það.
  - IE á að geta átt frumkvæði að athugunum
  - IE ber ekki **ábyrgð** á öðrum starfssviðum

- Hlutverk IE er óbreytt
  - Útbúa endurskoðunaráætlun sem tekur til alls stjórnkerfis félagsins, sem er lögð fyrir stjórn (G.43)
    - Áætlunin skal byggð á áhættumati og taka tillit til starfsemi viðkomandi félags
  - Innri endurskoðandi skal taka saman niðurstöðu úttektar í skýrslu(G.44)
    - Greina skal frá niðurstöðu úttekta með tímamörkum til að greiða úr athugasemdum
    - Skýrsla er kynnt fyrir stjórn
    - Tryggja þarf eftirfylgni með athugasemdum IE

➢ Umfangið breytist þó þar sem ríkari kröfur eru gerðar til stjórnkerfis vátryggingafélaga

# Verkefni IE með innleiðingu SII

- Þau verkefni sem IE sinnir taka breytingum með ríkari kröfum til stjórnkerfis vátryggingafélaga
- Sem dæmi um verkefni má nefna úttektir á:
  - Framkvæmd annarra lykilstarfssviða
  - Fylgni við innri stefnur og verklagsreglur
  - Ferli við útreikning á gjaldþolskröfu (SCR) og lágmarksfjármagni (MCR)
  - Framkvæmd eiginháhættu- og gjaldþolsmats (ORSA)
  - Ferli við gerð og undirbúning skýrsluskila til eftirlitsstjórnvalda
- Úttekt á öðrum lykilstarfsviðum felur í sér aukin samskipti við önnur lykilstarfssvið

# Skýrslugjöf í tengslum við úttektir IE

- Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu (SFCR) – opinber skýrsla
  - Greina skal frá því hvernig starfssvið innri endurskoðunar er innleitt og hvernig sjálfstæði IE er tryggt (t.d. í skipuriti) DA, art. 294 (6)
- Regluleg eftirlitsskýrsla (RSR) – skýrsla til Fjármálaeftirlitsins
  - Lýsing á úttektum IE á skýrslutímabilinu
    - Samantekt á niðurstöðu úttekta, tillögum til stjórnenda sem og aðgerðum
  - Lýsing á stefnu um innri endurskoðun m.a.
    - Framkvæmt endurskoðunar á stefnunni m.a. tíðni
    - Verulegar breytingar á stefnunni
  - Lýsing á endurskoðunaráætlun ásamt rökstuðningi með tilliti til:
    - Áhættumats
    - Mikilvægi
    - Tími frá fyrri endurskoðun

# Hvaða áhrif hefur SII á IE?

- Auknar kröfur til stjórnkerfa vátryggingafélaga kallar á aukna sérþekkingu IE
  - Vátryggingaskuld
  - SCR/MCR
  - Hlutverk lykilstarfssviða
- Aðlaga þarf úttektir að breyttum kröfum
  - ➢ Mikilvægt er að innri endurskoðendur kynni sér og þekki vel þær kröfur sem eru gerðar til vátryggingafélaga samkvæmt Solvency II
- Aukið umfang kallar jafnframt aukið framlag til innri endurskoðunar (sérþekking, mannauður, fjármunir) => virðisaukandi fyrir félagið
  - ➢ Mikilvægt er að úthlutaður tímafjöldi taki mið af auknu umfangi

# Framsetning upplýsinga sem taka breytingum í Solvency II

Sigurður Freyr Jónatansson

# Yfirlit

- Aðdragandinn
- Ákvæði um birtingu upplýsinga í Solvency II
- Ákvæði um ársreikninga
- Atriði sem taka breytingum
- Næstu skref hjá FME

# Aðdragandinn

- Þar sem Solvency II hefur ekki bein áhrif á ársreikninga hefur skapast óvissa um nokkur atriði sem taka munu breytingum
- Kallað hefur verið eftir samræmingu
- Þrjú stærstu vátryggingafélögin eru skráð á verðbréfamarkað sem gerir mikilvægi birtra upplýsinga enn meira

# Núverandi regluumhverfi

- Öllum vátryggingafélögum er skylt að gera upp skv. IFRS
- Reglugerðir frá 1996 um ársreikninga vátryggingafélaga hafa verið felldar úr gildi
- Í ríkjum þar sem starfandi eru aðilar sem ekki gera upp skv. IFRS er grundvöllur fyrir sérstakri reglugerð, t.d. í Danmörku
  - Þar er tekið fram að fyrir vátryggingafélög sem gera upp skv. IFRS gildi reglugerðin um þau atriði sem IFRS tekur ekki á
- Varðandi þau atriði sem falla utan IFRS má því segja að engar sérstakar reglur gildi hér á landi

# Ákvæði um birtingu upplýsinga í Solvency II

- IX. kafli frumvarps til laga um vátryggingastarfsemi fjallar um opinbera birtingu
- 53. gr. fjallar um ársreikning. Skal saminn í samræmi við IFRS
- 54.-57. gr. fjalla um skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu SFCR
  - Starfsemi og afkoma
  - Stjórnkerfi
  - Áhættuskuldbindingar, samþjöppun, áhættuvarnir og næmni
  - Grundvöllur og aðferðir við mat á eignum, vátryggingaskuld og öðrum skuldbindingum
  - Fjármagnsstýring, t.d. uppbygging, fjárhæð og gæði gjaldþolsliða og fjárhæðir gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagns

# Nánari leiðbeiningar um SFCR

- Í viðauka XX við reglugerð 2015/35 kemur efnisyfirlit SFCR skýrslunnar fram
  - A. Business and Performance
  - B. System of Governance
  - C. Risk Profile
  - D. Valuation for Solvency Purposes
  - E. Capital Management
- Hver ofangreindra kafla hefur 5-8 undirkafla
- Fjallað um SFCR skýrsluna í EIOPA GL on reporting and public disclosure
- Einnig þarf að skoða hvaða tölur á að birta opinberlega skv. tæknistaðli EIOPA

# Helstu gögn sem birt eru opinberlega

- „Solvency II“ efnahagsreikningur (sjá 74. gr. frumvarpsins)
- Upplýsingar um iðgjöld, tjón og kostnað í einstökum vátryggingagreinum skv. <u>sömu forsendum og í ársreikningi</u>
  - Greinaskipting miðast við Solvency II
- Vátryggingaskuld
- Tjónaþríhyrningar í skaðatryggingum
- Upplýsingar um gjaldþolsliði (own funds)
- Upplýsingar um gjaldþolskröfu (SCR)
- Upplýsingar um lágmarksfjármagn (MCR)

# Sýnishorn af skýrslunni um iðgjöld, tjón og kostnað – mjög líkt sundurliðun vátryggingagreina

| | | Medical expense insurance | Income protection insurance | Workers' compensation insurance | Motor vehicle liability insurance |
|---|---|---|---|---|---|
| | | C0010 | C0020 | C0030 | C0040 |
| **Premiums written** | | | | | |
| Gross - Direct Business | R0110 | | | | |
| Gross - Proportional reinsurance accepted | R0120 | | | | |
| Gross - Non-proportional reinsurance accepted | R0130 | | | | |
| Reinsurers' share | R0140 | | | | |
| Net | R0200 | | | | |
| **Premiums earned** | | | | | |
| Gross - Direct Business | R0210 | | | | |
| Gross - Proportional reinsurance accepted | R0220 | | | | |
| Gross - Non-proportional reinsurance accepted | R0230 | | | | |
| Reinsurers' share | R0240 | | | | |
| Net | R0300 | | | | |
| **Claims incurred** | | | | | |
| Gross - Direct Business | R0310 | | | | |
| Gross - Proportional reinsurance accepted | R0320 | | | | |
| Gross - Non-proportional reinsurance accepted | R0330 | | | | |
| Reinsurers' share | R0340 | | | | |
| Net | R0400 | | | | |
| **Changes in other technical provisions** | | | | | |
| Gross - Direct Business | R0410 | | | | |
| Gross - Proportional reinsurance accepted | R0420 | | | | |

# Ársreikningar

- Öll vátryggingafélög gera upp skv. IFRS enda kveðið á um það í núgildandi lögum
- Ekki beint samhengi á milli Solvency II og IFRS enda geta verið tveir mismunandi efnahagsreikningar
- Við gerð ársreiknings er eðlilegt að skýringar séu í samræmi við kröfur IFRS
- Spurningin er sú hvort einhvers staðar verði skörun þar sem upplýsingar breytast

# Atriði í skýringum sem gætu tekið breytingum

- Starfsþáttagreining
  - Mörk á milli skaðatrygginga og líftrygginga ættu ekki að breytast
  - Er eðlilegt að notuð sé greinaskipting Solvency II í stað gömlu FME skiptingarinnar? Munurinn liggur fyrst og fremst í skiptingu heilsutrygginga
  - Greinaskipting Solvency II er notuð í dönsku reglugerðinni
- Gjaldþol
  - Með hvaða hætti verða upplýsingarnar settar fram?
- Vátryggingaskuld
  - Eiga félögin að birta besta mat og áhættuálag?
- Samsett hlutfall
  - Tölur í samsetta hlutfallið eru birtar opinberlega með skýrslu S.05.01
  - Á ekki að kalla á breytingar
- Á að samræma útreikning á fjárfestingartekjum sem birtast í rekstrarreikningi

# Næstu skref FME

- Málið varðar fyrst og fremst upplýsingagjöf til fjárfesta/neytenda sem lesa ársskýrsluna en ekki varúðareftirlit (e. prudential supervision)
- Upplýsingar í SFCR skýrslunum eru samræmdar og upplýsingar í ársreikningi ættu helst að vera sem líkastar SFCR skýrslunni
- Fjármálaeftirlitið telur ekki ástæðu, að svo stöddu, að setja reglugerð eða reglur um atriði sem IFRS tekur ekki á
- Á næstu dögum verður sent út dreifibréf með þeim atriðum sem FME vill að verði samræmd strax
- Metið eftir reynslu af ársreikningum 2015 hvort ástæða sé til að setja ítarlegri leiðbeinandi tilmæli

# Efni dreifibréfsins

- Greinaskipting í starfsþáttayfirliti í samræmi við Solvency II
- Samræmdur útreikningur samsetts hlutfalls
- Samræmdur útreikningur fjárfestingartekna af vátryggingastarfsemi
- Fleira?

# Gæði gagna í Solvency II skilum

Valdimar Þorkelsson

# Gæði gagna

- Eitt af markmiðum umbótaverkefnis FME um gagnaskil sem hófst árið 2012 var að bæta gæði gagna.
- Töluleg gögn eru það hráefni sem eftirlit er unnið úr
- Fyrstu gagnareglur innleiddar í júlí 2014 hjá rekstrarfélögum verðbréfasjóða – reglur hafa síðan verið innleiddar í öllum geirum
- Sjálfvirkar gagnaprófanir Solvency II gagna verða með tvennum hætti

# Gagnaprófanir og gagnagæði í XBRL

- Gagnapróf innbyggð í XBRL
  - XBRL gagnapróf birt á vef EIOPA
    - 944 próf skv. síðustu uppfærslu frá 16.des 2015
      – Öll próf nema 8 eru „Blocking“, þ.e. leiða til höfnunar skila

  https://eiopa.europa.eu/Pages/Supervision/Insurance/Reporting-formats.aspx

  - Einföld dæmi um gagnareglur:
    - Eru summur réttar?
    - Er formerki rétt?
    - Er innbyrðis samræmi milli taflna?

# Önnur gæðapróf - ExMon

- Unnið er að þróun reglna til viðbótar innbyggðum prófum í XBRL sannprófun
- Til þess notaður ExMon hugbúnað sem tekinn var í notkun 2014 hjá FME til að kanna gæði gagna
  - Dæmi um ExMon reglur:
    - Eru viðeigandi töflur/flipar fylltir út?
    - Eru núllgildi í töflum þar sem ættu að vera tölur?
  - Hægt að skilgreina niður á aðila og einstaka gagnapunkta
  - Tvenns konar afleiðingar/skilaboð
    - Aðvaranir – skilum ekki hafnað.
    - Villur – leiða til höfnunar skila.

# Önnur gæðapróf - ExMon

**ATH!** Til þess að skil teljist fullnægjandi verður aðili að skila öllum töflum/flipum sem honum ber
– m.ö.o. XBRL-skilakröfurnar skoðast sem einn pakki á skiladegi

- Ekki er víst að takist að koma öllum ExMon prófum í gagnið vegna fyrstu skila á fyrrihluta ársins
- Verði það raunin framkvæma FME starfsmenn prófin handvirkt.

=> Þá getur komið upp sú staða að XBRL gagnapakki standist sannprófun og sé veitt móttaka, en verði síðar hafnað við handvirka yfirferð vanti t.d. töflur eða skil að öðru leiti ófullnægjandi - með tilheyrandi afleiðingum.

- Gagnareglur verða birtar á fme.is

# Gjaldþolsliðir – (e. Own funds) Einkenni og flokkun

Reynir Leví Guðmundsson

# Efni um gjaldþolsliði

- Frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi
  - XV. Kafli: Gjaldþol – 88.- 95. gr.
  - Byggir á Directive 2009/138/EC [Art. 87-99]

- Óútgefnar reglugerðir
  - Byggja á Regulation (EU) 2015/35 [Art. 62-82]

- Leiðbeinandi tilmæli frá EIOPA
  - Guidelines on classification of own funds
  - Guidelines on ancillary own funds
  - *Guidelines on ring-fenced funds*

# Frumvarp til laga – XV. Kafli: Gjaldþol

88. gr. Gjaldþol
89. gr. Kjarnagjaldþol
90. gr. Stuðningsgjaldþol
91. gr. Flokkun gjaldþols og einkenni
92. gr. Meginskilyrði flokkunar í gjaldþolsþætti
93. gr. Flokkun í gjaldþolsþætti
94. gr. Mörk gjaldþolsþátta
95. gr. Reglugerð

# Fyrirhugaðar reglugerðir sbr. 95. gr.

1. Viðmið sem Fjármálaeftirlitið leggur til grundvallar við mat á hvort heimilt er að nota stuðningsgjaldþolslið í samræmi við 90. gr.
2. Meðhöndlun eignarhlutar í fjármálafyrirtækjum við ákvörðun gjaldþols, hvort sem um er að ræða beinan eignarhlut eða víkjandi kröfur á fjármálafyrirtæki.
3. Ferli sem Fjármálaeftirlitið skal fylgja við afgreiðslu umsókna um notkun gjaldþolsliða.
4. Lista yfir viðurkennda gjaldþolsliði sem uppfylla skilyrði 92. gr. þar sem forsendur flokkunar koma fram fyrir hvern viðurkenndan gjaldþolslið.
5. Aðferðir sem Fjármálaeftirlitið skal nota til að samþykkja flokkun á gjaldþolsliðum sem ekki eru á listanum skv. 4. tölul.
6. Takmarkanir á notkun gjaldþolsþátta 2 og 3 til að mæta gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagni.
7. Sértæka aðlögun á mörkum sem ætlað er að endurspegla takmarkaða möguleika á færslu gjaldþolsliða sem eingöngu er heimilt að nota til að mæta tapi sem stafar af tilgreindum hluta skuldbindinga félagsins eða vegna tiltekinnar áhættu, þ.e. á vörðum sjóðum.

# Almenna hugmyndin með gjaldþolsliði

**Solvency II hugmyndafræðin**

- Gjaldþolsliðir (e. own funds) eiga að hegða sér eins og stuðpúði (e. shock absorber) fyrir verulega óhagstæðum töpum.

- Virkar sem „varasjóður“ (e. buffer) fyrir ofan vátryggingaskuld að viðbættum öðrum skuldbindingum.

# Ákvörðun gjaldþolsliða



# Flokkun gjaldþolsliða

- Gjaldþolsliðir eru flokkaðir í þrjá gæðaflokka eða þætti:

| **Eðli** / **Gæði** | Á efnahagsreikningi (*kjarnagjaldþolsliðir*) | Utan efnahags-reiknings (*stuðnings-gjaldþolsliðir*) |
|---|---|---|
| Mikil | Þáttur 1 | |
| Meðal | Þáttur 2 | Þáttur 2 |
| Lítil | Þáttur 3 | Þáttur 3 |

- Þáttur 1 = Þáttur 1 <u>án takmarkana</u> og Þáttur 1 <u>með takmörkunum</u>

# Hvað skiptir máli varðandi gæði gjaldþolsliða?

Þrjú helstu einkenni sem ákvarða gæði gjaldþolsliða

- **Lokagjalddagi** (e. maturity)
- **Tapgleypni** (e. loss absorbency)
- **Víkjanleiki** (e. subordination)

Gjaldþolsliðirnir þurfa einnig að uppfylla öll önnur skilyrði

# Kjarnagjaldþol – 3 helstu einkenni fyrir þætti

| | **Þáttur 1 (Tier 1)** | | **Þáttur 2 (Tier 2)** | **Þáttur 3 (Tier 3)** |
|---|---|---|---|---|
| | Án takmarkana | Með takmörkunum | | |
| Tímalengd | Án dagssetningar<br><br>Eða sama og lokagjalddagi fyrirtækisins (e. undertaking) | Án dagsetningar<br><br>Fyrst mögulega innköllun eftir 5 ár | Án dagsetningar eða upphaflegi lokagjalddagi eftir a.m.k. 10 ár<br><br>Fyrsta mögulega innköllun eftir 5 ár | Án dagsetningar eða upphaflegi lokagjalddagi eftir a.m.k. 5 ár.<br><br>Fyrsta mögulega innköllun eftir 5 ár |
| Víkjanleiki | Síðast af öllu gjaldþolsliðum | Eftir öðrum, en aðeins á undan þætti 1 <u>án takmarkana</u> | Eftir öðrum, en aðeins á undan þætti 1 | Eftir öðrum, en aðeins á undan þætti 1 og þætti 2 |
| Tapgleypni | „Going concern“ | „Going concern“ | „Gone concern“ | „Gone concern“ |

# Kjarnagjaldþolsliðir – önnur einkenni

| | Þáttur 1 | | Þáttur 2 | Þáttur 3 |
|---|---|---|---|---|
| | Án takmarkana | Með takmörkunum | | |
| Ákvæði sem geta haft áhrif á ógjaldfærni | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Tapgleypni | Já | Já | Nei | Nei |
| Hvati til innköllunar | Engin | Engin | Takmarkaður, en þó aldrei fyrr en eftir 10 ár | Takmarkaður |
| Frestun á innköllun ef SCR er ekki uppfyllt | Já | Já | Já | Já |
| Greiðsla arðs/vaxta | 1) Aðeins ef SCR er uppfyllt<br>2) Útgefandi getur ákveðið sjálfur | 1) Aðeins ef SCR er uppfyllt<br>2) Útgefandi getur ákveðið sjálfur | Frestun ef SCR er ekki uppfyllt | Frestun ef MCR er ekki uppfyllt |
| Þarf samþykki á innköllun frá eftirliti | Já | Já | Já | Já |
| Án kvaða (e. encumbrance) | Já | Já | Já | Já |

# Stuðningsgjaldþolsliðir

- Nýtt hugtak fyrir mörg vátryggingafélög
  - Algengt hjá gagnkvæmum (e. mutual) vátryggingafélögum
- „Eigið fé“ sem hægt er að nýta ef þörf er á, þ.e. eftir innköllun
  - Er ekki á efnahagsreikningnum
- Þegar þeir hafa verið innkallaðir og borgaðir að fullu, þá verða þessir liðir að uppfylla almenn ákvæði samkvæmt Solvency II
- Fjármálaeftirlit þurfa að samþykkja gjörninginn áður en hægt er að nýta hann sem stuðningsgjaldþolslið
  - Samþykkja bæði aðferðafræði og fjárhæð

# Afstemmingarvarasjóður (e. reconciliation reserve)



# Aðlaganir sem gerðar eru á afstemmingarvarasjóðinn

Frádrag frá afstemmingarvarasjóðnum

- **Eigið hlutafé í eigu félagsins**

- **Fyrirsjáanlegar arðgreiðslur** – Það sem hefur verið tilkynnt opinberlega og ákvarðað af stjórn, óháð ákvörðun aðalfundar

- **Aðlaganir vegna takmarkanir á gjaldþolsliði vegna varða sjóði (e. ring-fenced fund) og öðrum slíkum atriðum**

- **Hlutdeild** í fjármálafyrirtæki

# Frádrag vegna varðra sjóða



# Hæfir flokkar gjaldþolsliða



# Mörk einstakra gjaldþolsliða



# Útgáfa á mismunandi gjaldþolsgjörningum

- Fjármagnskipan hefur áhrif á ávöxtunarkröfu verðbréfa
- Virkur markaður með gjaldþolsgjörning ætti að gefa auka/aðra vísbendingu um stöðu félagsins en aðeins hlutabréfaverð
- Getur verið hluti að eðlilegri áhættustýringu fyrir vátryggingafélag sem starfar í fleiru en einu myntsvæði
  - Þ.e. gefa út gjörninga í annarri mynd en uppgjörsmynt
- Gæði ólíkra gjaldþolsliða er mismunandi, áhættan háð skiptingunni